



104. aðalfundur
Ljósmeðrafélags Íslands
21. mars 2023

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Dagskrá	2
Skýrsla stjórnar Ljósmeðrafélags Íslands fyrir starfsárið 2022-2023.....	3
<i>Stjórnarfundir</i>	3
<i>Kjaramál</i>	3
<i>Fjárhagur félagsins</i>	3
<i>Fagmál</i>	3
<i>Ljósmeðrablaðið</i>	4
<i>Heimasíður og samfélagsmiðlar félagsins</i>	4
<i>Samfélagsleg verkefni</i>	4
<i>NJF</i>	4
<i>EMA</i>	5
<i>ICM</i>	5
<i>BHM</i>	5
<i>Þakkir</i>	5
Ársreikningur og áætlun fyrir 2023.....	6
<i>Ársreikningur félagsins 2022</i>	6
<i>Fjárhagsáætlun félagsins fyrir 2023</i>	6
Lagabreytingar	7
Skýrslur nefnda	8
Skýrsla sjóðanefndar LMFÍ – minningarsjóður Jóhönnu F. Hrafnfjörð	8
Skýrsla kjörnefndar	9
Skýrsla Norðurlandsdeildar LMFÍ	10

Dagskrá

- 1) Setning fundar, kosning fundarstjóra og fundarritara
- 2) Skýrsla stjórnar
- 3) Reikningar félagsins lagðir fram
- 4) Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt
- 5) Lagabreytingar
- 6) Skýrslur nefnda/deilda
- 7) Kosningar stjórnar
- 8) Kosning skoðunarmanna reikninga
- 9) Kosning í nefndir
- 10) Önnur mál
 - Harpa Ósk ljósmóðir og skipulagsstjóri sjálfstætt starfandi ljósmæðra kynni stöðuna varðandi samning Sjúkratrygginga Íslands við ljósmæður

Skýrsla stjórnar Ljósmeðrafélags Íslands fyrir starfsárið 2022-2023

Stjórnarfundir

Haldnir hafa verið 10 stjórnarfundir á starfsárinu, en þess á milli höfum við verið í góðum samskiptum varðandi þau mál sem hafa komið upp og þurft afgreiðslu milli funda.

Kjaramál

Það hefur lítið áorkast í kjaramálum þrátt fyrir ótal marga fundi. Ekki hefur verið skrifað undir stofnanasamninga á neinni stofnun né starfsþróunarkerfi innleitt sbr. gerðardóm frá 2018. Það lítur hins vegar út fyrir að við séum að ná samningum við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins fljótlega og viðræður hefjast 20. mars við HVE, HVEST, HSN, HSA, HSU og HSS og förum við full bjartsýni inn í þær viðræður.

Ljósmeðrafélag Íslands er í samstarfi við BHM og önnur aðildarfélög þess varðandi miðlæga kjarasamning okkar við ríkið, en sá samningur rennur út núna 31. mars. Ein af kröfum BHM var að samningur tæki við af samningi og hófst því strax í haust það starf að klára kröfugerð BHM og að undirbúa viðræður við samningsaðila. Viðræður hafa gengið hægt og þegar þessi orð eru skrifuð hefur ekki verið samið. Þar sem óróleiki er í efnahagslífi landsins er ljóst að við erum að stefna í stutta samninga núna þ.e. til 12 mánaða og lítið verður komið til móts við sérkröfur félaganna. Þær verða settar inn í verkáætlun til 12 mánaða. Félagið hefur samt reynt að kynna okkar sérkröfur m.a. með því að eiga fund með heilbrigðisráðherra og þingmönnum velferðarnefndar Alþingis. Það er alveg ljóst að gera þarf átak í málefnum ljósmeðra strax þar sem að starfandi ljósmeðrum fer fækkandi, en þeim verkefnum sem fylgja hverri konu fjölgar. Álagið er að aukast í okkar störfum og við verðum að standa vörð um hverja og eina ljósmóður. Við skiptum allar máli.

Fjárhagur félagsins

Fjárhagur félagsins er góður en Bryndís Ásta gjaldkeri félagsins mun fara vel yfir þau á eftir.

Fagmál

Fræðsludagur ljósmeðra var haldinn 13. maí á Nauthól í samstarfi við Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu, Háskóla Íslands og Landspítala. Uppselt var á fræðsludaginn þar sem að hundrað ljósmeður komu saman en þema dagsins var hin ýmsu skipulagsform á ljósmeðraþjónustu. Virkilega skemmtilegir og áhugaverðir fyrirlestrar og ekki síður gaman að hitta ljósmeður. Það var ánægjulegt hversu vel tókst til þrátt fyrir stuttan undirbúningstíma, þar sem að veiran var enn að trufla daglegt líf okkar fyrstu mánuði síðasta árs.

Þar sem mikið er oft um að vera á vorin hefur verið ákveðið að halda næsta ljósmeðradag að hausti til, til reynslu þann 6. október næstkomandi.

Ljósmeðrafélag Íslands hefur haldið nokkra zoomfundi á árinu. Það er góð leið að nýta tæknina að geta komið saman eina kvöldstund hvar sem við erum á landinu og hlustað á fræðsluerindi. Hingað til hafa erindin að mestu verið frá ljósmeðrum, enda sérhæfing stéttarinnar mjög mikil og á ólíkum sviðum. Fundirnir hafa verið vel sóttir og fengið gott áhorf eftir á. Við munum halda þeim áfram á næsta starfsári.

Félagið stóð fyrir því að fá kennara frá GynZone hingað til lands og vera með námskeið í Reykjavík og á Akureyri. Því miður komust mun færri að en vildu og höfum við því fengið GynZone til að koma aftur til okkar í lok ágúst. Verða þá námskeið hér í Reykjavík og fyrir norðan á Akureyri.

Félagið var einnig í samstarfi við Guðlaugu Maríu með nálastungunámskeið og í samstarfi við Kamillu Gerhard Nielszen fæðingarlækni um framhöfuðstöður í fæðingu.

Eins erum við í samstarfi við Gleym mér ei sem heldur ráðstefnu í tilefni af 10 ára afmæli sínu þann 19. apríl og nú er nýlokið tveggja daga vinnustofu Félags brjóstaráðgjafa með kennurunum Maya Bolman og Lisa Lahey frá Bandaríkjunum.

Ég vil nota tækifærið og þakka öllum þeim ljósmæðrum sem hafa komið að þessum verkefnum fyrir hönd félagsins kærlega fyrir sín störf.

Ljósmæðrablaðið

Félagið gaf út eitt tölublað á þessu ári sem var veglegt 100 ára afmælisblað. Í tilefni þess var haldinn afmælis- og jólafundur þann 16. desember með ræðum og skemmtiatriðum. Það sýnir styrk ljósmæðra og mátt að við höfum haldið útgáfu blaðsins gangandi nú í yfir 100 ár og stefnum á það áfram um ókomin ár. Við getum verið stoltar yfir þeim árangri um leið og ég vil þakka núverandi og fyrrverandi ritnefndum fyrir sín störf.

Heimasíður og samfélagsmiðlar félagsins

Félagið rekur tvær síður, annars vegar ljósmodir.is og hins vegar ljósmaedrafelag.is. Við erum komnar í stafræna skuldir með báðar síðurnar og hefur því stjórn félagsins gert samning við Hugsmiðjuna um að uppfæra síðurnar. Þá má taka það fram að ljósmodir.is heldur uppá 20 ára afmæli sitt í vor og stefnum við á að gera eitthvað skemmtilegt í tilefni þess.

Eins er verið að vinna að því þessa dagana að bæta og uppfæra fylgjuappið okkar.

Félagið hefur ráðið verktaka til að halda við instragram síðu félagsins og stefnum að því að vera einnig virkar á Facebook síðu félagsins.

Samfélagsleg verkefni

Ljósmæðrafélag Íslands stóð fyrir peningasöfnun vegna stríðsins í Úkraínu. Um tvær safnanir var að ræða þar sem söfnuðust tæplega 6 milljón króna. Peningurinn var sendur til pólskra ljósmæðra „Dobrze Urodzeni“ sem í fyrstu voru að útbúa „fæðingarpakka“ sem þær sendu til Úkraínu og í voru allt það sem til þurfti fyrir barnsfæðingar. Síðar þróaðist þeirra aðstoð yfir í að útvega allt það sem fæðandi konur þurfti einnig eins og hreinlætisvörur. Félagið og íslenskar ljósmæður hafa fengið miklar þakkir frá kollegum okkar í Pólandi fyrir aðstoðina á erfiðum tíma.

Nú í mars stóð félagið einnig fyrir söfnun til handa flóttakonum sem koma til landsins (og öðrum konum sem eru í neyð) á barnafatnaði og barnabílstólum. Þessi söfnun er í samstarfi við þá hjúkrunarfræðinga sem koma að þessum málum hjá Vinnumálastofnun og munu þær sjá um að taka á móti og dreifingu til kvenna og á fæðingarstaði.

Þessar safnanir félagsins gengu alveg sérstaklega vel og sýna hvað ljósmæður geta áorkað með samtakamætti sínum. En við vonum að sjálfsögðu að þessi mikla þörf skapist ekki aftur.

NJF

Í vor fjölmenntu ljósmæður til Helsinki, Finnlandi á NJF ráðstefnu. Tvo daga á undan hittust formenn ljósmæðrafélaganna á norðurlöndum. Næsti fundur formanna norðurlandafélaganna verður í Stokkhólmi nú í lok mars. Næsta NJF ráðstefna verður haldin í Kaupmannahöfn þann 26-28 maí 2025.

Félagið hefur skipað nýjan fulltrúa okkar í norræna vísindatímaritið SRHC (Sexual and reproductive health care) og tók Emma Marie Swift við af Dr. Sigfríði Ingu Karlsdóttur.

EMA

Í september á síðasta ári var aðalfundur EMA, European Midwives Associations haldinn í Brussel. Það var áhugavert að hitta þarna ljósmæður frá öðrum Evrópulöndum, en staða ljósmæðra er mjög ólík eftir löndum. Ég sé alltaf betur og betur hvað íslenskar ljósmæður eru faglegar og sjálfstæðar í sínum störfum, önnur evrópulönd horfa öfundaraugum til Íslands enda tölfærðin hjá okkur með því besta sem gerist í heiminum.

Það er einnig skemmtilegt að segja frá því að aðalfundur samtakanna verður haldinn hér á landi árið 2024 en það var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum og er undirbúningur strax hafinn.

ICM

Aðalfundur ICM, International confederation of Midwives var haldin í júní á síðasta ári og var hann rafrænn eins og undanfarin tvö ár. Í ár er aðalfundur ICM staðfundur sem verður á Balí samhliða ICM ráðstefnunni.

BHM

BHM samstarf hefur verið skv. venju. Við höfum tekið þátt í öllu því starfi þar sem okkur hefur varðað. Formaður félagsins hefur einnig verið í viðræðunefnd BHM við ríkið nú í aðdraganda kjarasamninga, enda mikilvægt að vaktavinnustéttir eigi einnig fulltrúa við samningaborðið.

BHM hefur tekið þá ákvörðun að flytja úr þessu húsnæði hér í Borgartúni 6. Það þykir óhentungt, of margir fermetrar eru ekki nýttir, starfsemin er á tveimur hæðum og önnur félög sem ekki eru staðsett hér hafa óskað eftir því að vera með í sameiginlegu húsnæði. Hússtjórn BHM hefur varið miklum tíma í að leit að hentugu húsnæði, en ekki er búið að finna rétta húsnæðið enn sem komið er.

Því miður hefur Friðrik Jónsson formaður BHM ákveðið að gefa ekki kost á sér aftur til formennsku. Ekki hefur enn verið tilkynnt um framboð til formanns en aðalfundur BHM verður haldinn þann 25. maí næstkomandi.

Þakkir

Að lokum vill stjórn félagsins þakka öllum þeim ljósmæðrum og öðrum þeim sem starfað hafa fyrir félagið á síðasta ári og einnig þeim sem hafa látið sig málefni félagsins varða, haft samband og komið með ábendingar. Hildur Kristjánsdóttir hefur sem fyrri ár verið okkur ómetanleg í erlendu samstarfi og til leiðsagnar við í hinum ýmsu málum.

Stjórn félagsins vill einnig sérstaklega þakka Hafðísi Guðnadóttur fyrir sitt starf í stjórn og um leið óska henni til hamingju með litlu stúlkurnar sínar, en hún gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn.

Við stefnum á öflugt starf á næsta ári og hlökkum til samstarfs við ykkur allar. Verið duglegar að láta í ykkur heyra !

Fyrir hönd stjórnar LMFÍ

Unnur Berglind Friðriksdóttir, formaður.

Ársreikningur og áætlun fyrir 2023

Ársreikningur félagsins 2022

Fjárhagur LMFÍ er áfram góður og er félagið skuldlaust.

Hagnaður af rekstri félagsins á síðast liðnu ári var 8,8 m.kr. Eigið fé var 69,8 m.kr. Sjá nánar ársreikning félagsins sem fylgir fundargögnum.

Fjárhagsáætlun félagsins fyrir 2023

Fjárhagsáætlun fyrir 2023 byggir á ársreikningi frá 2022, föstum liðum verður ekki breytt nema eftirfarandi:

- Ákveðið hefur verið að fara í umfangsmiklar uppfærslur á heimasíðum félagsins. Áætlaður kostnaður fyrir ljósmaedrafelag.is og ljósmodir.is eru 5,3 m.kr.
- BHM hefur tekið þá ákvörðun að flytja, verið er að skoða húsnæði. Aðalfundur húsfélags BHM verður 20. mars 2023. Vonandi verður hægt að veita frekari upplýsingar á aðalfundi LMFÍ. Kostnaður við flutninga liggur ekki fyrir.

Áfram verða settar inn fastar prósentur af félagsgjöldum inn á Þórdísarsjóð (4,5%) og Brekkusjóð (6%). Umfram fé verður lagt inn á Brekkusjóð.

Áhersla er á sparnað hjá félaginu til að það muni standa á traustum fjárhagslegum fótum til framtíðar.

Gert er ráð fyrir hagnaði á árinu.

8. mars 2023
Bryndís Ásta Bragadóttir
Gjaldkeri Ljósmaedrafélags Íslands

Lagabreytingar

Engar tillögur hafa borist.

Skýrslur nefnda

Skýrslur hafa ekki borist frá öllum nefndum- og deildum.

Skýrsla sjóðanefndar LMFÍ – minningarsjóður Jóhönnu F. Hrafnfjörð

Sjóðanefnd fundaði 8. nóvember 2022.

Í sjóðanefnd 2022 eru: Unnur Berglind Friðriksdóttir formaður LMFÍ, Bryndís Ásta Bragadóttir gjaldkeri LMFÍ, Gréta Rún Árnadóttir, Ástþóra Kristinsdóttir og Kristbjörg Magnúsdóttir.

Úthlutun 2022:

Tvær umsóknir bárust. Hvorug umsóknin var metin styrkhæf.

Engu var úthlutað árið 2022.

Framtíð sjóðsins:

Sú hugmynd kom upp á síðasta ári að kaupa litla íbúð fyrir peninga sjóðsins. Ekki varð úr kaupum á íbúð eftir miklar sviptingar á fjármálamarkaði. Eftir ráðgjöf frá fjármálaráðgjafa var ákveðið að ávaxta fé sjóðsins á reikning hjá Arion banka.

f.h. sjóðanefndar,

Bryndís Ásta Bragadóttir, gjaldkeri LMFÍ

Formaður sjóðanefndar

Skýrsla kjörnefndar

Stjórn og nefndir Ljósmeðrafélags Íslands 2023-2024

Rautt = Fráfarandi

Blátt = Framboð

Stjórn

Formaður	Unnur Berglind Friðriksdóttir
Varaformaður	Guðlaug María Sigurðardóttir
Ritari	Gréta María Birgisdóttir
Gjaldkeri	Bryndís Ásta Bragadóttir
Varagjaldkeri	Inga M. H. Thorsteinson
Vararitari	Hafdís Guðnadóttir
Aðaltrúnaðarmaður	Jóhanna Ólafsdóttir Kristbjörg Magnúsdóttir

Ritnefnd

Ritstjóri fræðilegs efnis	Berglind Hálfðánsdóttir
Ritstjórar	Steinunn Rut Guðmundsdóttir Steinunn Blöndal

Ritnefnd	Emma Marie Swift Anna G Hallgrímsdóttir Edythe Mangindin Guðlaug Erla Vilhjálmsdóttir Elín Inga Lárusdóttir
----------	---

Ritstjórnarfulltrúi **Ólöf Ásta Ólafsdóttir**

Kjararáð	Unnur Berglind Friðriksdóttir Guðlaug María Sigurðardóttir Jóhanna Ólafsdóttir
----------	--

Sjóðanefnd	Bryndís Ásta Bragadóttir Unnur Berglind Friðriksdóttir Gréta Rún Árnadóttir Kristbjörg Magnúsdóttir Ástþóra Kristinsdóttir
------------	--

Kjörnefnd	Bryndís Ásta Bragadóttir Edythe Mangindin Valgerður Lísa Sigurðardóttir
-----------	--

Alþjóðlegur fulltrúi	Hildur Kristjánsdóttir
----------------------	------------------------

Skoðunarmenn	Kristbjörg Magnúsdóttir Anna Sigríður Vernharðsdóttir
--------------	--

8. mars 2023
f.h. kjörnefndar
Bryndís Ásta Bragadóttir

Skýrsla Norðurlandsdeildar LMFÍ

Húsavík mars 2023

Samantekt á starfsemi Norðurlandsdeildar Ljósmeðrafélags Íslands árið 2022.

Tekið saman fyrir aðalfund Ljósmeðrafélags Íslands 2023.

Aðalfundur norðurlandsdeildar var haldinn þann 25 maí 2022. Nítján félagsmenn mættu á fundinn sem haldinn var á Veitingastaðnum Baccalá á Hauganesi.

Farið var með rútu frá SAK og þaðan haldið að Tjörn í Svarfaðardal þar sem veitingar voru í boði Nínu, auk þess sem hjónin á Tjörn buðu upp á tónlist í kirkjunni. Að þessu loknu var farið á Hauganes og aðalfundur settur.

Hefðbundin aðalfundarstörf fóru fram og reikningar samþykktir. Fimm nýjar ljósmeður óskuðu eftir inntöku í félagið og voru samþykktar.

Ljósmeður kveiktu á kerti og minntust Hebu Ásgrímsdóttur ljósmóður sem lést á árinu.

Breytingar urðu á stjórn félagsins og er hún nú svo skipuð:

Kristín Hólm – formaður
Tinna Jónsdóttir - varaformaður
Aníta Rut Guðjónsdóttir – meðstjórnandi
Petrea Ásbjörnsdóttir – gjaldkeri
Hulda Þórey Garðarsdóttir - ritari
Fráfarandi stjórnarmönnum þökkuð sín störf.

Tinna Jónsdóttir sagði frá ljósmeðraráðstefnu í Finnlandi sem hún fór á, skemmtileg frásögn og fræðandi. Nokkur önnur mál rædd svo sem ósk ljósmeðra á norðurlandi að fá námskeiðið Heilsufarsmat nýbura til kennslu á Akureyri og þörfina fyrir að fá brjóstgjafaráðgjafa til Akureyrar. Verður þetta skoðað í samvinnu við Ljósmeðrafélag Íslands og Háskólann á Akureyri (símenntun).

Önnur mál voru rædd, t.d. heimafæðingartaska félagsins og hvernig standa skuli að henni.

Fundurinn var skemmtilegur og fróðlegur og ljósmeður fengu frábærar gjafir sem stjórnin var búin að útbúa í samvinnu við nokkur fyrirtæki.

Jóla/aðventufundur norðurlandadeilar var svo haldinn í desember í Lystigarðinum á Akureyri, kaffi Lyst. Þar mættu átján ljósmeður og sá fundur fyrst og fremst gleðifundur þar sem ljósmeður nutu þess að koma saman og skrafa óformlega um málefni líðandi stundar. Við fengum skemmtileg söngatriði og frábæran mat á þessum fundi og allar fóru gjöfum hlaðnar heim.

Auk þessara tveggja funda var haldinn stjórnarfundur í nóvember. Þar var skipulagður vorfundur sem áætlað er að verði í apríl eða maí.

Með bestu kveðjum,
f.h. stjórnar,
Hulda Þórey Garðarsdóttir ritari NLFMÍ.